



Fundargerð

Fundur umdæmisstjórnar haldinn 5.des. kl.17:00 á heimili umdæmisstjóra á Selfossi. Mættar voru: Sigríður umdæmisstjóri, Ragnhildur gjaldkeri, Jóhanna ritari og María viðtakandi umdæmisstjóri. Ekki náðist í Ágústu fyrrverandi umdæmisstjóra.

- Umdæmisstjóri mun senda jólakveðjur rafrænt til forseta klúbbanna. Einnig mun hún setja jólakveðjurnar á heimasíðu Innerwheel og Facebook síðuna
- Minna þarf klúbba á að kjósa nýjar stjórnir fyrir næsta starfsár og senda umdæmisstjóra fyrir mánaðarmót jan/febr.
- Nú þegar hafa 10 félagskonur skráð sig á Alþjóðþing Innerwheel sem haldið verður í Manchester í maí á næsta ári. Ennþá verður hægt að skrá sig til 25.mars. Icelandair hefur sett inn beint flug til Manchester svo að ferðalagið ætti að verða einfalt. Þær konur sem munu til viðbótar skrá sig eru beðnar að láta umdæmisstjóra vita af því.
- Sameiginlegur fundur allra IW klúbba verður haldinn í Skíðaskálanum í Hveradölum laugardaginn 13.janúar. Mikilvægt er að klúbbar tilkynni fjölda þátttakenda tímanlega til umdæmisstjóra vegna skipulags fyrir fundinn. Klúbbar munu fá nánari póst um fundinn þegar nær dregur.
- Stefnt er að því að halda Umdæmisþing Innerwheel laugardaginn 25.maí á Selfossi. Nánar um þingið síðar, en umdæmisstjórn hvetur félagskonur til að taka daginn frá.

Fleira ekki rætt og fundi lauk um kl.18:35

Jóhanna Róbertsdóttir